

Notkun fyrirtækja á upplýsingatæknibúnaði og rafrænum viðskiptum 2006

Samantekt

Nær öll fyrirtæki á Íslandi nota tölvur og internet eða 97–100%. Níu af hverjum tíu nettengdum fyrirtækjum nota xDSL tengingu og hjá 44% nettengdra fyrirtækja er niðurhalshraði tengingar minnst 2 Mb/sek. 95% nettengdra fyrirtækja nota vírusvörn, 81% nota eldvegg og 75% flytja afrit af gögnum á öruggan stað til geymslu. Átta af hverjum tíu fyrirtækjum telja tilkomu rafrænna miðla hafa haft áhrif á magn hefðbundinna póstsendinga frá fyrirtækinu síðastliðin fimm ár.

Hærra hlutfall fyrirtækja seldi vörur og þjónustu um internet árið 2005 heldur en árið 2002 eða 32% á móti 21%. Sama gildir um kaup á vörum og þjónustu um internet. Þannig höfðu nærri sex af hverjum tíu fyrirtækjum keypt vörur og þjónustu til eigin nota um internet árið 2005 á móti 37% fyrirtækja árið 2002. Sala um internet árið 2005 nam um 5% af heildarveltu fyrirtækja.

Hér á eftir verður fjallað um notkun íslenskra fyrirtækja á upplýsingatæknibúnaði og interneti. Einnig verður fjallað um rafræn viðskipti fyrirtækja árið 2005 og þær ráðstafanir sem fyrirtæki gera til að tryggja öryggi tölvugagna og tölvubúnaðar.

Inngangur

Þriðja könnun Hagstofunnar

Hagstofa Íslands gerði fyrr á þessu ári könnun meðal fyrirtækja á notkun þeirra á tæknibúnaði og umfangi rafrænna viðskipta. Könnunin var gerð í samvinnu við Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins og er þetta þriðja könnun Hagstofunnar um efnið. Fyrri kannanir voru gerðar árin 2002 og 2003. Framkvæmd könnunar ársins 2006 var að því leyti frábrugðin öðrum könnunum, að spurningar til fjármálafyrirtækja voru að hluta til aðrar en þær sem fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum fengu.

Tæknibúnaður fyrirtækja

Öll fyrirtæki með tölvur og internet

Nær öll fyrirtæki á Íslandi nota tölvur og hafa aðgang að interneti eða 97–100% (sjá töflu 2). Árið 2006 notuðu 35% fyrirtækja innra net, 28% ytra net og 88% höfðu staðarnet. Þrjú af hverjum fjórum íslenskum fyrirtækjum héldu úti eigin heimasíðu á interneti og ríflega helmingur fyrirtækja hafði sérstök tölvukerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup (mynd 1).


Algengara að fyrirtæki noti staðarnet og kerfi tengd pöntunum og innkaupum árið 2006 en árið 2003

Notkun innra og ytra nets er sjaldgæfust meðal fyrirtækja í byggingariðnaði en algengust meðal fjármálafyrirtækja. Árið 2006 notuðu 14% fyrirtækja í byggingariðnaði innra net og einungis 7% notuðu ytra net á meðan ríflega níu af hverjum tíu fyrirtækjum í fjármálaþjónustu notuðu innra net og þrjú af hverjum fjórum slíkum fyrirtækjum höfðu ytra net. Almenn séð er notkun staðarnets útbreidd meðal íslenskra fyrirtækja. Árið 2006 notuðu að meðaltali 74% fyrirtækja



staðarnet sem er nokkru meira en fyrir þremur árum þegar um helmingur fyrirtækja notaði slíkt. Heimasíður eru einnig algengar meðal íslenskra fyrirtækja. Algengastar eru þær meðal fyrirtækja í hótél- og veitingarekstri (88%), fyrirtækja í ýmis konar sérhæfðri þjónustu (93%), fjármálafyrirtækja (100%) og fyrirtækja í menningarstarfsemi (100%). Sjaldgæfast var að fyrirtæki í byggingariðnaði (50%) héldu úti heimasíðu á interneti árið 2006. Ríflega helmingur fyrirtækja hafði sérstök kerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup, sem er aukning frá árinu 2003 þegar 34% fyrirtækja notuðu slíkt kerfi (mynd 1).


Mynd 1. Tæknibúnaður fyrirtækja eftir atvinnugreinum 2006



Hlutfall fyrirtækja.

*Tæknin eykst samhlíða
auknum fjölda starfsmanna*


Stærri fyrirtæki eru líklegri til að hafa ýmis konar tæknibúnað en fyrirtæki með fáa starfsmenn. Árið 2006 höfðu 66% fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri innra net, 59% höfðu ytra net og 96% notuðu staðarnet. Nær öll fyrirtæki með minnst 100 starfsmenn héldu úti heimasíðu á interneti og 77% höfðu sérstök kerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup. Það ár hafði fjórðungur minnstu fyrirtækjanna innra net, 17% ytra net og 84% staðarnet. 63% slíkra fyrirtækja höfðu heimasíðu á interneti og 41% notuðu sérstök kerfi til að meðhöndla pantanir viðskiptavina eða innkaup fyrirtækisins (mynd 2).

Mynd 2. Tæknibúnaður fyrirtækja eftir stærð 2006

Hlutfall fyrirtækja.

Tengslanet fyrirtækja

Af þeim fyrirtækjum sem hafa sérstök kerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup hafa 69% tengingu yfir í bókhaldskerfi sitt, 36% tengja það framleiðslu-, þjónustu- eða vöruferlisstjórnun og 15% hafa tengingu í innra kerfi sem sér um endurnýjun birgða. Ríflega eitt af hverjum tíu fyrirtækjum með sérstök kerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup hafa tengingu í tölvukerfi söluaðila eða viðskiptavina. Níu af hverjum tíu fjármálafyrirtækjum tengja þessa tegund tölvukerfa innra kerfi fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins (mynd 3).

Mynd 3. Tenging kerfa til að meðhöndla pantanir og innkaup 2006

Hlutfall fyrirtækja með kerfi til að meðhöndla pantanir og innkaup.

Starfsfólk og tækni


Tölvunotkun starfsmanna sú sama árið 2006 og árið 2003

Tæp 60% allra starfsmanna nota tölvu að jafnaði¹ við vinnu sína og um helmingur allra starfsmanna notar tölvu sem tengd er interneti. Það er lítil sem engin breyting frá árinu 2003 þegar 58% starfsmanna notuðu tölvur almennt og 50% notuðu nettengdar tölvur. Mest er um tölvunotkun meðal starfsmanna fyrirtækja í fjármálastarfsemi og menningarstarfsemi en eðli máls samkvæmt er hins vegar minnst um tölvunotkun meðal starfsmanna í byggingariðnaði (mynd 4).

Tölvunotkun starfsmanna óháð stærð fyrirtækis

Ef niðurstöður eru skoðaðar með hliðsjón af fjölda starfsmanna er nær enginn munur milli stærðarflokka. Árið 2006 notuðu 56% starfsmanna smæstu fyrirtækjanna tölvur tengdar interneti, á meðan 44% starfsmanna fyrirtækja með 20–49 starfsmenn og ríflega 50% starfsmanna fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri notuðu að jafnaði tölvur tengdar interneti árið 2006 (mynd 4).

Mynd 4. Hlutfall starfsmanna sem nota að jafnaði tölvu við vinnu sína eftir atvinnugreinum og stærð 2006




Hlutfall starfsmanna.

Helmingur fyrirtækja með fjarvinnandi starfsmenn

Um helmingur fyrirtækja hefur starfsmenn sem vinna að minnsta kosti hálfan dag í viku utan fyrirtækisins og geta tengst tölvukerfi fyrirtækisins á meðan. Algengast er að fyrirtæki í samgöngum og flutningum (79%) og fjármálafyrirtæki (75%) hafi þennan háttinn á. Hlutfall fyrirtækja með fjarvinnandi starfsmenn hækkar samhliða auknum fjölda starfsmanna. Þannig höfðu þrjú af hverjum fjórum fyrirtækjum með 100 starfsmenn eða fleiri fjarvinnandi starfsmenn árið 2006 á meðan hlutfallið var 63% fyrirtækja með 50–99 starfsmenn, 52% fyrirtækja með 20–49 starfsmenn og 37% fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn (mynd 5).

¹ Með að jafnaði er átt við a.m.k. einu sinni í viku. Starfsmenn fjármálafyrirtækja eru ekki inni í tölum yfir notkun starfsmanna á tölvum almennt árið 2006, þeir eru hins vegar inni í tölum yfir notkun starfsmanna á nettengdum tölvum.

Mynd 5. Fyrirtæki með fjarvinnandi starfsmenn eftir atvinnugreinum og stærð 2006




Hlutfall fyrirtækja.

**Algengast að fjarvinnandi
vinni heima**

Þegar spurt var um staðsetningu fjarvinnandi starfsmanna svöruðu flest fyrirtæki því að starfsmenn tengdust tölvukerfi fyrirtækis heiman frá sér eða 92% fyrirtækja með fjarvinnandi starfsmenn. Hjá 63% fyrirtækja voru starfsmenn á viðskiptaferðalagi þegar þeir tengdust tölvukerfi fyrirtækis um internet. Starfsmenn riflega þriðjungs fyrirtækja tengdust frá útibúi fyrirtækis og starfsmenn 27% fyrirtækja voru staðsettir hjá viðskiptavini eða viðskiptafélaga þegar þeir unnu fjarvinnu (mynd 6).

Mynd 6. Staðsetning fjarvinnandi starfsmanna 2006



Hlutfall fyrirtækja með fjarvinnandi starfsmenn.

**Stærri fyrirtæki eiga erfiðara
með að finna rétta starfsfólkið**

Um 7% fyrirtækja höfðu átt í erfiðleikum með að ráða til sín starfsfólk með tölvukunnáttu sem hentaði fyrirtækinu á árinu 2005. Slíkir erfiðleikar voru algengastir meðal fyrirtækja í verslun (14%) en sjaldgæfastir meðal hótél og veitingahúsa (1%). Algengara var að stærri fyrirtækin ættu í erfiðleikum með að fá

fólk með réttu tölvukunnáttuna en 13% stærstu fyrirtækjanna áttu í slíkum vandræðum árið 2005 á móti 5% minnstu fyrirtækjanna (sjá töflu 6).

Fjórðungur fyrirtækja taldi launakröfur tæknimenntaðra starfsmanna of háar

Af þeim fyrirtækjum sem áttu í erfiðleikum með að ráða til sín starfsfólk með réttu tölvukunnáttuna sögðu 42% að tölvukunnátta almennra umsækjenda hefði ekki verið næg eða ekki hentað fyrirtækinu, 33% fyrirtækjanna sögðu kunnáttu tæknimenntaðra umsækjenda ekki hafa verið næga eða ekki hentað fyrirtækinu og fjórðungur fyrirtækjanna taldi launakröfur tæknimenntaðra umsækjenda vera of háar (sjá töflu 7).

Notkun internets


Langflest fyrirtæki nota xDSL tengingu

Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru tengd interneti eða 99%. Flest þeirra nota xDSL tengingu eða 89%, 12% nota annars konar fastlínutengingu en xDSL, 6% nota þráðlausa tengingu t.d. um gervihnött og sama hlutfall notar ISDN. Einungis 4% fyrirtækja nota tengingu um símalínu. Algengara er að fyrirtæki í fjármálastarfsemi (33%), ýmissri starfsemi (28%) og menningarstarfsemi (25%) noti annars konar fastlínutengingu en xDSL. Einnig er algengara að stærstu fyrirtækin noti slíka tengingu en árið 2006 notuðu 39% fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri annars konar fastlínutengingu en xDSL á móti 6% fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn (sjá töflu 8).

Algengasti niðurhalshraði nettengingar er ≥ 2 Mb/sek

Hjá íslenskum fyrirtækjum er algengast að hámarkshraði niðurhals sé a.m.k. 2 Mb/sek eða hjá 44% nettengdra fyrirtækja. Mesti hraði nettengingar hjá tæplega þremur af hverjum tíu fyrirtækjum er á bilinu 144 Kb/sek til 1,9 Mb/sek og einungis 5% fyrirtækja hafa tengingu sem er hægervikari en 144 Kb/sek. Rúmur fimmtungur nettengdra fyrirtækja vissi ekki hver var mesti niðurhalshraði tengingarinnar (mynd 7).

Mynd 7. Mesti niðurhalshraði nettengingar 2006



Hlutfall nettengdra fyrirtækja.

Tilgangur internetnotkunar


Níu af hverjum tíu fyrirtækjum stunda bankaviðskipti um internet, 61% nota internet til að fá aðstoð eða þjónustu vegna keyprar vöru, 57% fylgjast með verði og öðru tengdu markaði um internet og helmingur fyrirtækja notar internetið til að

taka á móti stafrænni vöru¹. Um 17% fyrirtækja nota internet til þjálfunar og endurmenntunar starfsfólks og er slík notkun algengust meðal fjármálafyrirtækja (74%) og meðal fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri (39%) (sjá töflu 10).

Átta af hverjum tíu fyrirtækjum sækja sér opinber eyðublöð af interneti

Um 85% nettengdra fyrirtækja nálgast upplýsingar hjá opinberum aðilum um internet. Átta að hverjum tíu nettengdum fyrirtækjum sækja sér opinber eyðublöð um internet og sama hlutfall notar internetið til að fylla út og senda inn eyðublöð til opinberra aðila. Um 14% nettengdra fyrirtækja nota internet til að leggja inn tilboð til opinberra aðila svo sem um Rafrænt markaðstorg (mynd 8).

Mynd 8. Samskipti fyrirtækja við opinbera aðila um internet 2006



Hlutfall nettengdra fyrirtækja.

Níu af hverjum tíu markaðssetja vöru og þjónustu um internet


Eins og fyrr segir, eru nærri átta af hverjum tíu fyrirtækjum með eigin heimasíðu. Af þeim nota 88% heimasíðuna til að markaðssetja vörur og þjónustu, helmingurinn veitir viðskiptavinum aðgang að vöru- og verðlistum um internet og 44% veita aðstoð eða þjónustu vegna seldrar vöru um internet (sjá töflu 11).

Með tilkomu rafrænna miðla hefur dregið úr hefðbundnum póstsendingum fyrirtækja

Í könnun ársins 2006 voru fyrirtækin spurð, hvort tilkoma rafrænna miðla hefði dregið að einhverju leyti úr hefðbundnum póstsendingum þeirra síðastliðin fimm ár. Hjá um 80% fyrirtækja er talið að tilkoma rafrænna miðla hafi haft áhrif á magn hefðbundins pósts sem fyrirtækið sendir frá sér. Þar af sögðust 17% fyrirtækja nær eingöngu nota rafræna miðla í samskiptum sínum út á við. Um 11% fyrirtækja sögðu enga breytingu hafa orðið á magni hefðbundinna póstsendinga og eitt fyrirtæki af hverjum tíu töldu efni spurningar ekki eiga við, þar sem hefðbundnar póstsendingar hefðu aldrei vegið þungt í samskiptum fyrirtækis út á við (mynd 9).

¹ Hér eru fjármálafyrirtæki ekki meðtalin.

Mynd 9. Áhrif rafrænna samskipta á magn hefðbundinna póstsendinga eftir atvinnugreinum og stærð 2006



Hlutfall fyrirtækja.

Öryggi um internet


95% nettengdra fyrirtækja með vírusvarnarforrit

Nettengd fyrirtæki eru nær öll með forrit til að verjast vírussendingum (95%), átta af hverjum tíu hafa eldvegg og þrjú af hverjum fjórum flytja afrit gagna á öruggan stað til geymslu. Um 40% nettengdra fyrirtækja nota örugga vefþjóna, 12% nota lykilorð eða annars konar sannvottun, 10% dulkóða gögn og 9% nota rafræn skilríki sem móttakandi gagna. Nokkru algengara er að fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri noti eldvegg, örugga vefþjóna eða flytji gögn á annan stað til geymslu heldur en fyrirtæki með 10–49 starfsmenn. Algengast er að fjármálafyrirtæki hafi örugga vefþjóna og flytji gögn á annan stað til geymslu. Slíkt er hins vegar sjaldgæfast meðal fyrirtækja í byggingariðnaði (sjá töflu 14).

Algengast að fjármálafyrirtæki verði fyrir árás á tölvukerfi

Fyrirtæki voru spurð, hvort þau hefðu orðið fyrir utanaðkomandi árás á tölvukerfi á árinu 2005. Af nettengdum fyrirtækjum höfðu 17% orðið fyrir slíkri árás. Algengara var að fjármálafyrirtæki (38%) hefðu orðið fyrir utanaðkomandi árás á tölvukerfi en fyrirtæki í öðrum greinum. Einnig var meira um að stærstu fyrirtækin hefðu orðið fyrir slíkri árás á árinu 2005 en fyrirtæki með færri en hundrað starfsmenn (mynd 10).

Mynd 10. Árásir á öryggiskerfi fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2005




Hlutfall nettengdra fyrirtækja.

Rafræn viðskipti

Fleiri stunda viðskipti um internet árið 2005 en árið 2002

Um þriðjungur fyrirtækja seldi vörur eða þjónustu um internet árið 2005 og er það aukning frá árinu 2002 þegar 21% fyrirtækja seldi vörur og þjónustu á rafrænan máta um internet. Mest er aukningin hjá fyrirtækjum í menningarstarfsemi en árið 2005 seldu 67% slíkra fyrirtækja vörur og þjónustu um internet á móti 14% árið 2002 (mynd 11).


Mynd 11. Sala um internet árin 2002 og 2005 eftir atvinnugreinum



Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

Sala um internet vegur þyngra í veltu fyrirtækja


Umfang internetsölu hefur einnig aukist en árið 2003 sögðu 9% fyrirtækja internetsöluna árið á undan hafa náð a.m.k. 1% af heildarveltu fyrirtækis. Þremur árum síðar nær internetsalan minnst 1% af heildarveltu hjá fjórðungi fyrirtækja (mynd 12).

Mynd 12. Sala um internet $\geq 1\%$ af veltu 2002 og 2005 eftir atvinnugreinum

Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

Fleiri kaupa vörur og þjónustu um internet en áður

Tæplega 60% fyrirtækja keypti vörur og þjónustu til eigin nota um internet árið 2005. Þremur árum fyrr var hlutfallið nokkru lægra eða 37%. Aukning milli ára mælist í öllum atvinnugreinum (mynd 13)


Mynd 13. Innkaup um internet 2002 og 2005 eftir atvinnugreinum

Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

Innkaup um internet $\geq 1\%$ af heildarinnkaupum hjá þriðjungi fyrirtækja

Hjá þriðjungi fyrirtækja námu innkaup um internet 1% eða meira af heildarinnkaupum vöru og þjónustu. Algengast var að fyrirtæki í verslun (43%), ýmissri þjónustu (47%) og í iðnaði (33%) hefðu keypt vörur og þjónustu um internet fyrir upphæðir sem námu 1% eða meira af heildarinnkaupum fyrirtækis. Innkaup um internet vega þyngra í heildarinnkaupum stærri fyrirtækja en þeirra smærri. Árið 2005 námu innkaup um internet 1% eða meira af heildarinnkaupum hjá 44–46% fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri á meðan 37% fyrirtækja með 20–49 starfsmenn og fjórðungur fyrirtækja með 10–19 starfsmenn höfðu keypt vörur og þjónustu um internet fyrir upphæðir sem námu 1% eða meira af heildarinnkaupum fyrirtækis (mynd 14).

Mynd 14. Innkaup um internet $\geq 1\%$ af heildarinnkaupum 2005 eftir atvinnugreinum og stærð




Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

9% fyrirtækja selja og 17%
kaupa inn um aðra rafræna
miðla en internet

Árið 2005 notuðu 9% fyrirtækja EDI eða aðra rafræna miðla en internet til að selja vörur eða þjónustu og hjá 6% fyrirtækja nam sala um aðra rafræna miðla en internet 1% eða meira af heildarveltu fyrirtækis. Nokkru hærra hlutfall fyrirtækja eða 17% notaði EDI eða aðra rafræna miðla en internet til að panta vörur og þjónustu til eigin nota. Hjá einungis 2% fyrirtækja námu innkaup um aðra rafræna miðla en internet 1% eða meira af heildarinnkaupum vöru og þjónustu (mynd 15).


Mynd 15. Rafræn viðskipti um aðra miðla en internet 2005 eftir atvinnugreinum og stærð



Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

5% fyrirtækja selja um sérhæfð markaðstorg internetsins


Um 5% fyrirtækja seldu vörur og þjónustu um sérhæfð markaðstorg internetsins árið 2005. Algengast var að fyrirtæki í samgöngum og flutningum (18%) og hótél- og veitingarekstri (11%) hefðu selt vörur og þjónustu á þennan máta. Einnig var lítið eitt algengara að fyrirtæki með 20 starfsmenn eða fleiri seldu vörur og þjónustu á þennan máta en smæstu fyrirtækin (mynd 16).

Mynd 16. Sala um sérhæfð markaðstorg 2005 eftir atvinnugreinum og stærð

Hlutfall allra fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

Umfang rafrænnar sölu


Sala um internet árið 2005 nam um 5% af heildarveltu fyrirtækja. Hæst var hlutfallið meðal fyrirtækja í samgöngum og flutningum en sala um internet árið 2005 nam 17% af heildarveltu fyrirtækja í þessum atvinnugreinum. Ágóði af sölu um aðra rafræna miðla en internet nam 3% af heildarveltu fyrirtækja árið 2005 og var hæst meðal fyrirtækja í samgöngum og flutningum þar sem hún nam 6% af heildarveltu fyrirtækja í atvinnugreininni (mynd 17).

Mynd 17. Umfang rafrænnar sölu 2005 eftir atvinnugreinum

Hlutfall heildarveltu fyrirtækja án fjármálafyrirtækja.

Bróðurpartur internetsölu eru viðskipti við fyrirtæki eða stofnanir


Fyrirtæki seldu meira til annarra fyrirtækja, opinberra stofnana eða samtaka um internet en til almennra neytenda árið 2005. Reiknað út frá áætluðu andvirði internetsölu fékkst ríflega 60% þess úr viðskiptum við önnur fyrirtæki, samtök eða stofnanir (mynd 18).

Mynd 18. Skipting internetsölu eftir tegund viðskiptavina 2005

Hlutfall af veginni fjárhæð internetsölu án fjármálafyrirtækja.

73% internetsölu vegna viðskiptavina innanlands


Mikill meirihluti söluandvirðis internetsölu á rætur að rekja til viðskipta fyrirtækja við aðila hér á landi eða um 73%. 18% söluandvirðis fengust úr viðskiptum við aðila í löndum Evrópusambandsins og 8% andvirðis internetsölunnar fengust úr viðskiptum við aðila annars staðar í heiminum (mynd 19).

Mynd 19. Skipting internetsölu milli landa 2005

Hlutfall af veginni fjárhæð internetsölu án fjármálafyrirtækja.

Rafræn þjónusta fjármálafyrirtækja


Mikill meirihluti eða 86% lífeyrissjóða, váttryggingarfélaga og annarra fyrirtækja í fjármálaþjónustu buðu viðskiptavinum upp á fjármálaþjónustu um internet árið 2005. Stærstur hluti viðskiptavina sem keypti fjármálaþjónustu um internet voru Íslendingar eða 98% (mynd 20).

Mynd 20. Skipting internetsölu fjármálafyrirtækja milli landa 2005

Hlutfall af heildarfjölda viðskiptavina.

Tekjur af fjármálafærslum um internet ná ekki fjórðungi af heildartekjum fjármálafyrirtækja

Hjá 82% fyrirtækja sem buðu upp á fjármálaþjónustu um internet námu greiðslufærslur um internet minna en fjórðungi af heildargreiðslufærslum sem gerðar voru hjá fyrirtækinu. Hjá 18% fyrirtækja námu greiðslufærslur um internet 50% eða meira af heildargreiðslufærslum (mynd 21).

Mynd 21. Umfang rafrænna fjármálafærslna 2005

Hlutfall fyrirtækja sem buðu upp á fjármálaþjónustu um internet.

Gagnasöfnun og úrvinnsla

Spurningalisti og gagnaöflun

Við gerð spurningalista var stuðst við samræmdan spurningalista Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Niðurstöður Hagstofu Íslands eru því samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í löndum Evrópusambandsins sem og annarra Norðurlanda. Í apríl 2006 sendi Hagstofan bréf til framkvæmdastjóra fyrirtækja í úrtaki þar sem tilgangur og framkvæmd könnunar var kynnt. Öllum var frjálst að neita þátttöku. Könnunin fór alfarið fram á interneti, þar sem fyrirtæki skráðu sig inn á læst

vefsvæði með aðstoð lykilorðs. Fyrirtæki gátu einnig óskað eftir útprentuðum spurningalista til útfyllingar.

Úrtak og heimtur Úrtakið náði til 800 fyrirtækja. Í úrtökuramma voru fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að meðaltali á launaskrá árið 2005. Atvinnugreinarnar eru skv. Íslenskri atvinnugreinaflokkun (ÍSAT 95) eftirtaldar deildir:

- 15–37 (iðnaður)
- 45 (byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð)
- 50–52 (verslun)
- 55 (hótel- og veitingahúsarekstur)
- 60–64 (samgöngur og flutningar)
- 65–67 (peningastofnanir, fjármálaþjónusta, váttryggingafélög og lífeyris-sjóðir)
- 70–74 (ýmis sérhæfð þjónusta)
- 92 (tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi)

Staðgreiðsluskrá ríkisskattsjóra var notuð við val á úrtaki. Úrtökuaðferð var blönduð eftir fjölda fyrirtækja í hverju lagi (*stratum*). Fyrirtækjum var skipt í lög eftir atvinnugrein og fjölda starfsmanna. Heimtur voru um 60% nettó árið 2006 (tafla 1).

Tafla 1. Úrtak og heimtur 2006

	Fjöldi	Hlutfall
Úrtak	800	100,0
Fyrirtæki hætt starfsemi	21	2,6
Fellur úr þýði	40	5,0
Hrein úrtaksstærð	739	92,4
Hrein úrtaksstærð	739	100,0
Svarendur	446	60,4
Neita	94	12,7
Fjarverandi eða finnast ekki	199	26,9

Framsetning niðurstaðna og áreiðanleiki gagna

Niðurstöður eru birtar eftir atvinnugreinum annars vegar og fjölda starfsmanna hins vegar. Viðmiðunartími spurninga um tækjabúnað fyrirtækis er 1. janúar 2006, viðmiðunartími spurninga um rafræn viðskipti er almanaksárið 2005. Allar heildarstærðir og hlutfallsskiptingar eru metnar með því að vega hvert svar með fjölda fyrirtækja í lagi (*stratum*). Nákvæmni og áreiðanleiki gagna ræðst að nokkru af því hversu vel viðmælandi er að sér um tæknimál fyrirtækis. Í tölum um rafræn viðskipti fyrirtækis má reikna með ákveðnum skekkjum, þar sem venja er að fyrirtæki gefi upp áætlaðar tölur.

Merking tákna í töflum og útskýringar

- núll, þ.e. ekkert.
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er.
- tala á ekki að koma eðli máls samkvæmt.

Tafla 2. Tæknibúnaður fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall allra fyrirtækja	Tölvukerfi							
		Internet-				Eigin	Tölvukerfi	Með
	Tölvunotkun	tenging	Innra net	Ytra net	Staðarnet	heimasíða/ vefsíða	tengd móttöku pantana eða innkaupa	fjarvinnandi starfsmenn ¹
Alls	100	99	35	28	88	77	52	49
Iðnaður	100	99	26	21	81	71	48	48
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	100	100	14	7	94	50	13	43
Verslun	100	98	40	25	89	82	84	38
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	100	100	38	27	100	72	76	30
Umboðs- og heildverslun	100	100	43	23	89	90	89	48
Smásöluverslun	100	97	39	27	85	77	81	30
Hótel og veitingastaðir	100	100	28	27	88	88	53	34
Samgöngur og flutningar	100	100	45	24	74	69	33	79
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	•	100	92	78	86	100	81	54
Ýmis sérhæfð þjónusta	100	100	57	57	96	93	44	75
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	100	100	58	58	100	100	58	58
Fjöldi starfsmanna								
10–19 starfsmenn	100	99	25	17	84	63	41	37
20–49 starfsmenn	100	99	36	29	90	84	56	52
50–99 starfsmenn	100	100	48	42	89	90	61	63
100 eða fleiri starfsmenn	100	100	66	59	96	97	77	74

Skýringar: Með „fjarvinnandi starfsmönnum“ er átt við starfsmenn sem vinna a.m.k. hálfan dag í viku utan fyrirtækis, þar sem þeir hafa aðgang að tölvukerfi fyrirtækis.

Tafla 3. Tenging kerfa til að meðhöndla pantanir eða innkaup eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall fyrirtækja með kerfi til að meðhöndla pantanir eða innkaup	Tengt innra kerfi fyrir endurnýjun birgða	Tengt innra kerfi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps	Tengt bókhalds-kerfi	Tengt framleiðslu-, þjónustu- eða vöruferlisstjórnun	Tengt tölvukerfum söluaðila utan fyrirtækjahóps	Tengt tölvu-kerfum við-skiptavina utan fyrirtækjahóps
Alls	15	•	69	36	13	11
Iðnaður	16	•	72	40	6	8
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	–	•	70	20	–	–
Verslun	22	•	76	42	19	8
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	31	•	63	55	40	18
Umboðs- og heildverslun	20	•	78	42	22	11
Smásöluverslun	21	•	77	38	9	2
Hótel og veitingastaðir	7	•	56	6	13	9
Samgöngur og flutningar	22	•	84	44	17	34
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	89	•	•	•	45
Ýmis sérhæfð þjónusta	6	•	53	43	15	17
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	–	•	71	71	–	–
Fjöldi starfsmanna						
10–19 starfsmenn	14	•	65	28	8	4
20–49 starfsmenn	12	•	66	33	11	7
50–99 starfsmenn	12	•	76	45	25	29
100 eða fleiri starfsmenn	33	•	68	46	23	28

Tafla 4. Hlutfall starfsmanna sem nota að jafnaðil tölvu við vinnu sína eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall starfsmanna	Tölvur almennt	Tölvur tengdar interneti
Alls	57	52
Iðnaður	46	39
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	22	18
Verslun	74	58
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	82	78
Umboðs- og heildverslun	74	68
Smásöluverslun	74	49
Hótel og veitingastaðir	37	23
Samgöngur og flutningar	66	58
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	98
Ýmis sérhæfð þjónusta	72	72
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	95	95
Fjöldi starfsmanna		
10–19 starfsmenn	61	56
20–49 starfsmenn	50	44
50–99 starfsmenn	57	52
100 eða fleiri starfsmenn	58	53

¹Að minnsta kosti einu sinni í viku.

Tafla 5. Staðsetning fjarvinnandi starfsmanna eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall fyrirtækja með fjarvinnandi starfsmenn	Hjá viðskiptavini eða			Á viðskipta- ferðalagi
	Heima	viðskiptafélaga	Frá útibúi fyrirtækis	
Alls	92	27	38	63
Iðnaður	93	11	30	62
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	84	25	18	34
Verslun	96	25	23	82
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	100	10	33	67
Umboðs- og heildverslun	100	38	14	76
Smásöluverslun	89	9	34	94
Hótel og veitingastaðir	93	23	35	51
Samgöngur og flutningar	100	20	63	55
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	95	6	57	87
Ýmis sérhæfð þjónusta	88	55	58	66
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	71	43	43	100
Fjöldi starfsmanna				
10–19 starfsmenn	89	28	25	57
20–49 starfsmenn	92	26	35	58
50–99 starfsmenn	95	24	47	67
100 eða fleiri starfsmenn	95	32	68	87

Tafla 6. Fyrirtæki sem áttu í erfiðleikum með að ráða til sín starfsfólk með rétta tölvukunnáttu eftir atvinnugreinum og stærð 2005

	Hlutfall allra fyrirtækja
Alls	7
Iðnaður	2
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3
Verslun	14
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	17
Umboðs- og heildverslun	15
Smásöluverslun	11
Hótel og veitingastaðir	1
Samgöngur og flutningar	3
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	11
Ýmis sérhæfð þjónusta	11
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	–
Fjöldi starfsmanna	
10–19 starfsmenn	5
20–49 starfsmenn	6
50–99 starfsmenn	8
100 eða fleiri starfsmenn	13

Tafla 7. Erfiðleikar fyrirtækja við nýráðningar starfsfólks eftir atvinnugreinum og stærð 2005

Hlutfall fyrirtækja sem áttu í erfiðleikum með að ráða til sín fólk með rétta tölvukunnáttu	Tölvukunnátta almennt umsækjanda var ekki næg eða hentaði ekki	Tölvukunnátta tæknimenntaðra umsækjenda var ekki næg eða hentaði ekki	Launakröfur tæknimenntaðra
Alls	42	33	25
Iðnaður	41	59	59
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	100	–	–
Verslun	45	17	11
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	59	0	–
Umboðs- og heildverslun	57	0	–
Smásöluverslun	23	47	30
Hótel og veitingastaðir	100	100	100
Samgöngur og flutningar	–	100	100
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	–	47	23
Ýmis sérhæfð þjónusta	24	55	38
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	–	–	–
Fjöldi starfsmanna			
10–19 starfsmenn	40	21	13
20–49 starfsmenn	31	39	31
50–99 starfsmenn	77	32	19
100 eða fleiri starfsmenn	45	46	40

Tafla 8. Tegund internettengingar fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall nettengdra fyrirtækja	Mótald/módem (tenging í gegnum hefðb. símalínu)	ISDN	ADSL, SDSL eða önnur xDSL tenging	Annars konar fastlínu- tenging en xDSL	Práðlaus tenging, s.s í gegnum gervihnött, farsíma o.fl.
Alls	4	6	89	12	6
Iðnaður	6	6	89	8	3
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	5	7	91	1	7
Verslun	1	5	92	11	6
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	—	10	87	13	—
Umboðs- og heildverslun	3	4	95	9	9
Smásöluverslun	—	4	91	12	5
Hótel og veitingastaðir	5	5	89	6	7
Samgöngur og flutningar	2	2	86	19	7
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	13	—	60	33	11
Ýmis sérhæfð þjónusta	5	8	87	28	7
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	—	—	75	25	17
Fjöldi starfsmanna					
10–19 starfsmenn	5	4	90	6	2
20–49 starfsmenn	4	7	90	10	7
50–99 starfsmenn	2	3	86	18	13
100 eða fleiri starfsmenn	5	8	78	39	11

Tafla 9. Mesti niðurhalshraði internettengingar fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2006

Hlutfall nettengdra fyrirtækja	Minna en 144 Kb/sek.	Frá 144 Kb/sek. til 1,9 Mb/sek.	2 Mb/sek. eða meira	Veit ekki
Alls	5	29	44	22
Iðnaður	6	33	37	25
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	16	37	25	22
Verslun	1	26	54	19
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	7	7	44	42
Umboðs- og heildverslun	–	36	55	9
Smásöluverslun	–	23	55	22
Hótel og veitingastaðir	4	39	23	34
Samgöngur og flutningar	–	16	68	15
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	–	34	49	17
Ýmis sérhæfð þjónusta	–	11	70	19
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	–	17	83	–
Fjöldi starfsmanna				
10–19 starfsmenn	8	30	36	25
20–49 starfsmenn	3	32	44	21
50–99 starfsmenn	–	21	55	25
100 eða fleiri starfsmenn	–	13	75	12

Tafla 10. Tilgangur internetnotkunar eftir atvinnugrein og stærð 2006

Hlutfall nettengdra fyrirtækja	Fylgjast með markaði s.s. verði o.fl.	Banka- og fjármálaþjónusta	Til móttöku stafrænnar vöru	Til að fá aðstoð eða þjónustu vegna keyprar vöru	Til þjálfunar og endurmenntunar starfsfólks
Alls	57	91	52	61	17
Iðnaður	64	94	52	64	13
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	41	95	38	61	5
Verslun	63	92	58	62	19
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	69	86	62	79	34
Umboðs- og heildverslun	77	87	65	72	22
Smásöluverslun	47	99	51	46	11
Hótel og veitingastaðir	53	92	47	67	7
Samgöngur og flutningar	80	96	44	36	13
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	•	•	•	74
Ýmis sérhæfð þjónusta	55	92	74	70	35
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	67	100	58	42	25
Fjöldi starfsmanna					
10–19 starfsmenn	46	90	47	56	9
20–49 starfsmenn	64	92	54	62	19
50–99 starfsmenn	71	96	61	67	25
100 eða fleiri starfsmenn	70	87	61	70	39

Tafla 11. Samskipti fyrirtækja við opinbera aðila um internet eftir atvinnugrein og stærð 2006

Hlutfall nettengdra fyrirtækja	Nálgast upplýsingar	Sækja eyðublöð	Til að fylla út og senda inn eyðublöð	Til að leggja inn tilboð til opinberra aðila
Alls	85	80	80	14
Iðnaður	85	77	77	11
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	88	74	82	18
Verslun	86	82	79	19
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	86	73	72	10
Umboðs- og heildverslun	93	92	78	22
Smásöluverslun	78	74	81	18
Hótel og veitingastaðir	77	81	77	7
Samgöngur og flutningar	78	71	82	2
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	100	70	79	3
Ýmis sérhæfð þjónusta	91	92	90	23
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	67	42	67	–
Fjöldi starfsmanna				
10–19 starfsmenn	81	75	75	9
20–49 starfsmenn	87	83	85	19
50–99 starfsmenn	89	84	83	19
100 eða fleiri starfsmenn	92	84	80	17

Tafla 12. Tilgangur fyrirtækja með heimasíðu eftir atvinnugrein og stærð 2006

Hlutfall fyrirtækja með eigin heimasíðu	Markaðssetning vöru og þjónustu	Veita aðgang að vöru- og verðlistum	Veita aðstoð eða þjónustu vegna seldrar vöru
Alls	88	51	44
Iðnaður	91	48	33
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	77	31	35
Verslun	90	57	47
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	96	38	34
Umboðs- og heildverslun	92	60	53
Smásöluverslun	87	58	44
Hótel og veitingastaðir	85	66	37
Samgöngur og flutningar	98	67	53
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	•	•	89
Ýmis sérhæfð þjónusta	84	39	52
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	100	42	17
Fjöldi starfsmanna			
10–19 starfsmenn	87	41	34
20–49 starfsmenn	85	55	45
50–99 starfsmenn	83	49	44
100 eða fleiri starfsmenn	78	51	43

Tafla 13. Áhrif rafrænna samskipta á magn hefðbundinna póstsendinga eftir atvinnugrein og stærð 2006

Hlutfall allra fyrirtækja	Engin breyting	Rafrænir miðlar notaðir í 30% tilfella í stað hefð- bundinna póstsendinga	Rafrænir miðlar notaðir í 60% tilfella í stað hefð- bundinna póstsendinga	Rafrænir miðlar notaðir nær eingöngu í stað hefð- bundinna póstsendinga	Á ekki við hefðbundnar póstsendingar hafa ekki vegið þungt í samskiptum
Alls	11	33	29	17	10
Iðnaður	12	36	30	12	10
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	9	32	24	22	13
Verslun	11	37	33	13	4
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	14	38	34	7	7
Umboðs- og heildverslun	9	34	47	10	–
Smásöluverslun	12	40	20	18	7
Hótel og veitingastaðir	14	21	18	30	16
Samgöngur og flutningar	8	37	31	7	16
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	17	66	15	3	–
Ýmis sérhæfð þjónusta	8	25	36	20	11
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	–	–	83	17	–
Fjöldi starfsmanna					
10–19 starfsmenn	11	31	26	18	14
20–49 starfsmenn	12	33	28	19	8
50–99 starfsmenn	8	40	39	7	7
100 eða fleiri starfsmenn	9	34	43	13	1

Tafla 14. Öryggisráðstafanir fyrirtækja eftir atvinnugrein og stærð 2006

Hlutfall nettengdra fyrirtækja	Vírusvarnar- forrit	Eldveggur (vél- eða hugbúnaður)	Öruggir vefþjónar/ miðlarar	Afrit gagna flutt á öruggan stað til geymslu	Rafræn skilríki sem móttakandi gagna	Lykilorð eða annars konar sannvottun	Dulkóðun gagna
Alls	95	81	40	75	9	12	10
Iðnaður	94	78	27	82	6	12	3
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	94	69	19	66	5	1	6
Verslun	97	84	48	78	14	4	11
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	86	93	34	58	10	—	20
Umboðs- og heildverslun	100	84	50	80	3	6	9
Smásöluverslun	96	81	50	81	26	4	10
Hótel og veitingastaðir	92	79	34	43	4	7	1
Samgöngur og flutningar	95	79	52	84	12	16	11
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	92	100	89	100	22	62	31
Ýmis sérhæfð þjónusta	98	91	64	85	12	27	26
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	83	100	58	83	25	17	—
Fjöldi starfsmanna							
10–19 starfsmenn	92	75	27	73	8	6	8
20–49 starfsmenn	98	81	43	68	10	12	7
50–99 starfsmenn	97	94	65	87	8	15	12
100 eða fleiri starfsmenn	95	95	68	97	16	32	27

Tafla 15. Hlutfall fyrirtækja sem urðu fyrir utanaðkomandi árás á tölvukerfi eftir atvinnugrein og stærð 2005

	Hlutfall nettengdra fyrirtækja
Alls	17
Iðnaður	16
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	15
Verslun	20
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	20
Umboðs- og heildverslun	20
Smásöluverslun	21
Hótel og veitingastaðir	20
Samgöngur og flutningar	21
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	38
Ýmis sérhæfð þjónusta	5
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	—
Fjöldi starfsmanna	
10–19 starfsmenn	13
20–49 starfsmenn	19
50–99 starfsmenn	11
100 eða fleiri starfsmenn	25

Tafla 16. Skipting sölu um internet eftir atvinnugrein og stærð 2005

Hlutfall af veginni upphæð internetsölu	Milli fyrirtækja og alm. neytenda		Milli landa		
	Til annarra fyrirtækja, opinberra stofn. eða samtaka	Til almennra neytenda	Innanlands	Til landa innan Evrópu-sambandsins	Til annarra landa
Alls	61	39	73	18	8
Iðnaður	93	7	41	41	18
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	71	29	100	–	–
Verslun	87	13	99	0	–
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	24	76	95	5	–
Umboðs- og heildverslun	94	6	100	0	0
Smásöluverslun	55	45	99	1	–
Hótel og veitingastaðir	50	50	43	38	18
Samgöngur og flutningar	27	73	95	5	0
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	•	•	•	•
Ýmis sérhæfð þjónusta	63	37	38	38	24
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	80	20	97	2	1
Fjöldi starfsmanna					
10–19 starfsmenn	64	35	71	25	1
20–49 starfsmenn	25	75	85	10	5
50–99 starfsmenn	74	26	71	17	12
100 eða fleiri starfsmenn	67	33	70	22	8

Tafla 17. Rafræn sala sem hlutfall heildarveltu eftir atvinnugrein og stærð 2005

Hlutfall heildarveltu	Sala um internet	Sala um EDI eða aðra rafæna miðla en internet
Alls	5	3
Iðnaður	5	3
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	0	–
Verslun	2	3
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	1	0
Umboðs- og heildverslun	4	6
Smásöluverslun	1	0
Hótel og veitingastaðir	9	0
Samgöngur og flutningar	17	6
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	•
Ýmis sérhæfð þjónusta	9	1
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	6	–
Fjöldi starfsmanna		
10–19 starfsmenn	2	0
20–49 starfsmenn	4	1
50–99 starfsmenn	9	2
100 eða fleiri starfsmenn	5	4

Tafla 18. Rafræn viðskipti fyrirtækja eftir atvinnugrein og stærð 2005

Hlutfall allra fyrirtækja	Rafræn viðskipti um internet			
	Sala	Sala $\geq 1\%$ af veltu	Innkaup	Innkaup $\geq 1\%$ af heildarinnkaupum
Alls	32	23	59	34
Iðnaður	32	18	54	33
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	16	8	38	17
Verslun	30	23	68	43
Sala, viðhald og viðgerðir á bílum	24	21	58	45
Umboðs- og heildverslun	33	26	67	41
Smásöluverslun	29	21	73	44
Hótel og veitingastaðir	55	41	58	28
Samgöngur og flutningar	34	34	63	22
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	•	•	•	•
Ýmis sérhæfð þjónusta	29	25	73	47
Menningar-, tómstunda- og íþróttastarfsemi	67	67	83	–
Fjöldi starfsmanna				
10–19 starfsmenn	27	17	46	26
20–49 starfsmenn	33	25	68	37
50–99 starfsmenn	41	33	72	44
100 eða fleiri starfsmenn	42	35	79	46

Tafla 19. Skipting internet sölu fjármálafyrirtækja milli landa 2005

	Hlutfall heildar- fjölda viðskiptavina
Innanlands	98
Til landa innan Evrópusambandsins	1
Til annarra landa	1

Tafla 20. Umfang rafrænna fjármálaviðskipta 2005

Hlutfall fyrirtækja sem buðu fjármálaþjónustu um internet	Greiðslufærslur um internet sem hlutfall af heildar- greiðslufærslum	Heildartekjur internet- viðskipta sem hlutfall heildartekna fyrirtækis
Minna en 1%	4	5
1–4%	–	44
5–9%	–	24
10–24%	66	27
25–49%	5	–
50% eða meira	24	–

Rafræn viðskipti um EDI eða aðra miðla en internet					Fjármálaþjónusta til viðskiptavina um internet
Sala	Sala $\geq 1\%$ af veltu	Innkaup	Innkaup $\geq 1\%$ af heildarinnkaupum	Sala um sérhæft markaðstorg	
9	6	16	2	5	•
14	9	13	2	2	•
3	–	3	–	1	•
9	6	26	1	8	•
7	7	44	7	7	•
15	11	24	–	11	•
3	1	22	1	5	•
12	8	15	4	11	•
13	11	18	1	18	•
•	•	•	•	•	86
5	5	14	3	3	•
–	–	–	–	–	•
5	3	10	1	2	•
10	8	17	3	8	•
20	14	18	2	8	•
15	12	36	5	9	•

English Summary

The vast majority of Icelandic enterprises use computers and the Internet or 97–100%. Nine out of every ten enterprises with access to the Internet use xDSL connection and 44% have a connection with a download speed of 2 Mb/sec or more. Around 95% of connected enterprises use virus checking or protection software, 81% use firewalls and 75% use off-site data backup. Eight out of every ten enterprises have partly substituted traditional postal mail by electronic means of communication in the last five years.

The percentage of enterprises selling goods and services over the internet has increased. In 2005 around 32% of the enterprises sold goods or services over the Internet, whereas 21% of the enterprises were selling via Internet in 2002. The same applies to purchases made via Internet. Almost six out of every ten enterprises had ordered goods or services for their own use via Internet in 2005, against 37% of the enterprises in 2002.

This article describes the use of ICT among Icelandic enterprises in 2006 as well as enterprises' eCommerce in 2005. Results are presented by economic activity and by number of employees.

A complete English version of this article is also available.

Hagtiðindi Statistical Series

91. árgangur nr. 60

ISSN 0019-1078

Upplýsingatækni Information technology

2006:5

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • gudfinna.hardardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series